



Opinber fjármögnun rannsókna fræðafólks sem starfar sjálfstætt

Tillögur til úrbóta



Opinber fjármögnun rannsókna
fræðafólks sem starfar sjálfstætt
Tillögur til úrbóta



Opinber fjármögnun rannsókna fræðafólks sem starfar sjálfstætt. Tillögur til úrbóta
Desember 2022
Ritstjóri: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
Útgefandi: ReykjavíkurAkademían
Útgáfunúmer RA-2022-3
Forsíðumynd: Úr Bókasafni Dagsbrúnar
Þórunnartún 2
105 Reykjavík
Sími 562 8565
Netfang ra@akademia.is
Veffang www.akademia.is

Innihald

| | |
|--------------------------------------------------------------|----|
| Samantekt..... | 3 |
| Fræðasamfélagið utan háskólanna | 5 |
| Virkjum hugvit innlendra sérfræðinga!..... | 6 |
| Opinber fjármögnun rannsókna sjálfstæðra rannsækenda | 7 |
| Rannsóknasjóður sjálfstætt starfandi fræðafólks? | 12 |
| Þróun Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna | 17 |
| Starfslaunin 2013 – 2022 | 17 |
| Árangurshlutfall: fjöldi umsókna | 19 |
| Árangurshlutfall: umbeðnar upphæðir | 20 |
| Árangurshlutfall: fjöldi úthlutaðra mannmánaða | 21 |
| Styrkir til þriggja ára..... | 23 |

Samantekt

Þessi skýrsla, *Opinber fjármögnun fræðafólks sem starfar sjálfstætt. Tillaga til úrbóta*, byggir á vinnu starfshóps stjórnar *ReykjavíkurAkademíunnar* um opinbera fjármögnun rannsókna til fræðasamfélagsins utan háskólanna. Með henni vill ReykjavíkurAkademían sem stendur í forsvari fyrir fræðafólk sem starfar sjálfstætt benda ráðamönnum á hversu lokað og óaðgengilegt hið opinbera fjármögnunarkerfi er þeim sem stunda rannsóknir og fræðamiðlun utan háskólanna.

Tilgangur okkar er að jafna aðgengi fræðafólks sem starfar sjálfstætt og þess sem gegna akademískum stöðum að opinberum styrkjum til rannsókna. Einnig að efla grunnrannsóknir og auka fjölbreytni rannsókna, að tryggja nýliðun og sérfræðipækkingu íslensks fræðasamfélags og að skila samfélaginu niðurstöðum rannsókna á íslensku.¹

Þegar *Rannsóknasjóður* tók við hlutverki *Vísindasjóðs* árið 2004 var aðgengi fræðafólks sem starfar sjálfstætt á sviði hug- og félagsvísinda að opinberu fjármagni takmarkað frá því sem verið hafði áður. Einstaka hópur fræðafólks sem starfar sjálfstætt hefur þó haft erindi sem erfiði og fengið úthlutað verkefna- eða öndvegisstyrkjum úr Rannsóknasjóði og er gengið út frá því að úthlutun til slíkra hópa muni fjölga á næstu árum.²

Afleiðing þessarar breytingar á opinberri fjármögnun rannsókna og fræðamiðlunar utan háskólanna er að fræðafólk sem staðist hefur ítrustu kröfur og samkeppni innlands og í alþjóðlegu háskólaumhverfi og býr yfir nýrri þekkingu og færni til rannsókna og þekkingamiðlunar hefur ákaflega litla möguleika á að hasla sér völl í íslensku samfélagi. Af sömu ástæðum á fræðasamfélagið innan háskólanna í erfiðleikum með að koma nýrri þekkingu um sögu og samfélag til almennings.

Helsti opinberi sjóðurinn sem styður frjálsar rannsóknir þessa hóps er *Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna* en styrkir úr honum eru fáir, lágir og eingöngu veittir til fárra mánaða. Árið 2022 var 45 milljónum úthlutað úr Starfslaunasjóðnum meðan Rannsóknarsjóður úthlutaði 4,1 milljarði króna.

¹ Á blaðsíðu 13 má sjá lista yfir það margþætta hlutverk sem Rannsóknasjóður sjálfstætt starfandi fræðafólks myndi gegna fyrir einstaklinga, fyrir háskólasamfélagið og fyrir Ísland.

² Síðasti styrkur úr Rannsóknasjóði til hóps fræðimanna sem starfa sjálfstætt var veittur árið 2015 til verkefnisins *Mývatnssveit. Sjálfbærni. Umhverfi og þróun u.þ.b. 1700-1950*.

Staðan er grafalvarleg. Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar hvetur stjórnvöld til þess að bregðast snöfurmannalega við og móta stefnu um aðgang fræðafólks sem starfar sjálfstætt að opinberu fé til rannsókna.

Verði eftir því leitað lýsir ReykjavíkurAkademían yfir vilja til þess að koma að því að ræða mögulegar útfærslur og leiðir að framangreindum markmiðum. Til þess að hefja umræðuna einhvers staðar þá leggur starfshópur ReykjavíkurAkademíunnar til að Starfslaunasjóður verði þegar í stað stækkaður upp í að minnsta kosti 550 milljónir á verðlagi ársins 2023 og að heiti hans verði breytt í *Rannsóknarsjóður sjálfstætt starfandi fræðafólks*. Þá er miðað við að fyrsta starfsár Rannsóknarsjóðsins verði veittir 30 styrkir til eins árs hið minnsta og að upphæð styrkjar á mánuði sé sambærileg launum lektors við Háskóla Íslands. Einnig að fræðafólki sem starfi sjálfstætt hafi aðgang að fjármagni til þess að greiða annan kostnað tengdum rannsóknunum, fjármagn til að greiða fyrir ferðir þeim tengdum og að bakhjarlar þess fái greitt fyrir umsýslu með rannsóknum og þekkingarmiðlun þeim tengdum.

Tillaga að virkni Rannsóknarsjóðsins og útreikningar sem að baki liggja eru kynntir betur í kaflanum Rannsóknarsjóður sjálfstætt starfandi fræðafólks. Fyrst er dregin upp mynd af fræðasamfélaginu utan háskólana en í viðauka er farið nánar yfir þróun Starfslaunasjóðs á árunum 2015 – 2022. Þróun starfslauna eru skoðuð í samhengi við launaþróun og farið í saumana á úthlutunum úr Starfslaunasjóði á árunum 2015 – 2022.³

Fyrir hönd stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar,

Starfshópur um opinbera fjármögnun rannsókna til fræðasamfélagsins utan háskólanna.

Lilja Hjartardóttir stjórn málafræðingur. Formaður stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar
Dr. Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur. Í stjórn ReykjavíkurAkademíunnar og fyrrverandi formaður
Gylfi Gunnlaugsson bókmenntafræðingur. Í stjórn ReykjavíkurAkademíunnar
Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir sagnfræðingur. Framkvæmdastjóri. Ritstjóri skýrslunnar

³ Tölur í þessari samantekt byggja á opinberum gögnum og eru settar fram með fyrirvara um að frekari gagna er þörf til að gefa fyllri mynd af stöðu Starfslaunasjóðs. Einnig er settur fyrirvari vegna villna í meðferð talnanna

Fræðasamfélagið utan háskólanna

Fræðasamfélagið utan háskólanna er borið uppi af fræðafólki sem starfar sjálfstætt að rannsóknum og fræðamiðlun. Hópurinn er fjölbreyttur. Flestir hafa bakgrunn innan hug- og félagsvísinda og starfa á ólíkum forsendum að rannsóknum og miðlun. Meðan hluti fræðafólksins starfar á þessum vettvangi fræðanna alla starfsævina sinna aðrir tímabundið verkefnum eða eru á milli launaðra starfa.

Margir starfa sjálfstætt meðan þeir eru að leggja grunn að akademísku starfi innan háskólanna eða að reka endahnútinn á farsælan starfsferil. Þó nokkur hluti sjálfstætt starfandi fræðimanna sinnir einnig stundakennslu við háskóla og námskeiðahaldi fyrir almenning, heldur fyrirlestra, vinnur handrit að sýningum, ritar bækur fyrir stofnanir og fyrirtæki samhliða eigin rannsóknum.

Viðfangsefnin eru fjölbreytt en beinast oftast að sögu lands og þjóðar, svo og stöðu og eðli samfélagsins í samhengi við aðrar þjóðir. Stærsti hluti fræðirita sjálfstætt starfandi fræðafólks er ritaður á íslensku eru oft grundvallarrit, mikilvæg íslensku samfélagi og eiga mikinn þátt í að skapa hér á landi sterkt þekkingarsamfélag og styrkja tengsl þjóðarinnar við sögu hennar og menningu. Árlega raðast útgefin verk fræðafólks sem starfar sjálfstætt á lista yfir helstu tilnefningar til verðlauna á sviði fræða og miðlunar.

Þekkingarsköpunin er mikilvæg undirstaða íslensks fræða-, mennta- og menningarlífs. Hún stuðlar að auknum skilningi og framþróun samfélagsins alls og leggur grunn að fjölbreyttri og frjórri samfélagsumræðu og frekari rannsóknum annarra fræðimanna. Þá eru afurðir fræðafólksins grunnur fyrir þekkingarmiðlun ýmissa mennta- og menningarstofnana og grunnur nýsköpunar- og frumkvöðlastarfs víða í samfélaginu.

Virkjum hugvit innlendra sérfræðinga!

Fræðasamfélagið innan og utan háskólanna er órofa heild sem vinnur náið saman. Þar á milli flæðir fræðafólk, hugmyndir þess og þekking á sögu og samfélagi og því er brýnt fyrir viðgang fræðasamfélagsins að báðir hlutar þess séu jafn virkir og hafi aðgang að opinberu fjármagni til rannsókna og þekkingarmiðlunar. Þar af leiðandi er mikilvægi öflugs opinbers rannsóknasjóðs sem er sniðinn að rannsóknum og fræðastarfi fræðafólks sem starfar sjálfstætt á hug- og félagsvísindasviði hafið yfir vafa. Nægir í því sambandi að vísa til þess hlutverks sem rannsóknir og nýsköpun gegna sem grunnur hagvaxtar og velsældar þjóðarinnar. Þennan skilning kjarnar Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í því markmiði sem hún nýlega setti fram um að gera hugvitið að stærstu útflutningsgrein þjóðarinnar.⁴

Í ljósi þess hversu takmarkað aðgengi er að opinberu fjármagni fyrir fræðafólk sem starfar sjálfstætt þá blasir við að beina til stjórnvalda þeirri spurningu um að hvort og þá hvernig eigi að fjármagna rannsóknir fræðasamfélagsins utan háskólanna?⁵ Ennfremur hvort ætlun þeirra sé að tryggja jafnræði milli fræðimanna sem starfa innan og utan háskólanna?

Að mörgu er að hyggja og margar útfærslur eru mögulegar til þess að leysa úr læðingi menntun, þekkingu og hugvit fræðafólksins í þágu íslenskrar tungu og samfélags. ReykjavíkúAkademían lýsir yfir ríkum áhuga á að koma að slíkri vinnu ásamt stjórnvöldum.

⁴ Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Árangur fyrir Ísland. (Reykjavík, 2022), s. 12

⁵ Hér má benda á að nýir sjóðir hafa komið fram sem hafa til dæmis það markmið að beina rannsóknum að ákveðnum þáttum samfélagsins, t.d. Jafnréttissjóður Íslands sem úthlutaði tæplega 455.000.000 á árabílinu 2016-2020, Loftslagssjóður og Menntarannsóknasjóður. Þessir tilteknu sjóðir eru hver um sig hærrí en Starfslaunasjóðurinn.

Um Jafnréttissjóð: www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Samantekt%20%C3%A1%20styrkveitingum%20Jafnr%C3%A9ttissj%C3%B3%C3%B0s%20%C3%8Dslands%202016-2020.pdf

Opinber fjármögnun rannsókna sjálfstæðra rannsækenda

Öflugar rannsóknir og nýsköpun fræðasamfélagsins innan og utan háskólanna skiptir íslenskt samfélag miklu mál. Sú auðlegð þekkingar og færni sem samfélagið býr yfir í vel menntuðum sérfræðingum og fræðimönnum sem starfa utan háskólanna nýtist þó illa, ekki síst sökum takmarkaðs aðgengis þessa ört stækkandi hóps hug- og félagsvísindafólks að fjármagni úr opinberum sjóðum.⁶ Fræðafólk sem sinnir rannsóknum á Íslandi utan háskólanna býr við þröngan kost vegna þess að við umsóknir í Rannsóknasjóð hefur það ekki aðgang að sams konar stuðningskerfi og fastráðnir háskólamenn. Sem dæmi má nefna að þeir sem starfa sjálfstætt kosta sjálfir alla forvinnu rannsókna, undirbúning og gerð umsókna og ferðir til útlanda meðan fastráðnir háskólamenn eru á launum við gerð umsókna í samkeppnissjóði, hafa aðgang að stoðþjónustu sem vinnur með þeim að gerð umsókna og hafa möguleika í gegnum starf sitt að byggja upp nauðsynlegt fræða- og tengslanet um allan heim. Auk þess hafa háskólamenn aðgang að meistara- og doktorsnemunum sem að jafnaði er forsenda styrkúthlutunar og fá bæði mótframlag frá sinni stofnun og bónusgreiðslur fyrir birtingu niðurstaðna. Aðstöðumunurinn, ekki þekkingin, færnin eða viðfangsefnið sjálft getur auðveldlega ráðið úrslitum þegar valdir eru styrkþegar úr stórum hópi umsækjenda.⁷

⁶ Frá 1. desember 2021 – 31. nóvember 2022 brautskráðust 86 doktorar frá Háskóla Íslands, þar af 28 af hug- og félagsvísindasviði og 9 af menntavísindasviði. Þá eru ótaldir doktorar frá öðrum skólum innanlands og utan. Sjá: bæklinginn Hátíð brautskráðra doktora. 1. desember 2022 á vefsíðu Háskóla Íslands. www.hi.is/sites/default/files/bgisla/hi_doktorabaeklingur_nov2022_vefur.pdf

⁷ Á þetta var bent í tveimur viðhorfgreinum dr. Sigurðar Gylfa Magnússonar, í Tímaritinu Sögu: „Dómur sögunnar er ævinlega rangur! Háskólalíf og vísindapólitík á vorum dögum.“ Saga 2010:1 og „Rannsóknar(náms)sjóðir. Álitamál um háskóla- og vísindapólitík“ 2011:2. Sigurður Gylfi fer þar yfir þáverandi stöðu fræðafólks sem starfar sjálfstætt og ber saman við stöðu hópsins áratug fyrr, þegar meirihluti styrkja úr Vísindasjóði (forvera Rannsóknasjóðs) fór til hinna sjálfstætt starfandi. Sjá einnig svar Magnúsar Lyngdal Magnússonar sem birtist í Sögu 2011:1.

Þessi þróun hefur átt sér stað án allrar opinberrar umræðu og ljóst að eins og málum er fyrirkomid í dag þá eiga einstaklingsverkefni engan raunverulegan möguleika á úthlutun úr rannsóknarsjóðum.⁸ Hún hófst þegar Rannsóknasjóður var settur á laggirnar árið 2004 en *Vísindasjóður* sem fjármagnaði rannsóknir fræðafólks sem starfaði sjálfstætt á hug- og félagsvísindasviði var lagður niður. Þessi neikvæða þróun á aðgengi fræðafólks sem starfar sjálfstætt að opinberu fé til rannsókna og þekkingamiðlunar hefur haldið áfram og var fest í sessi árið 2015/2016 þegar áherslum Rannsóknasjóðs var breytt enn frekar í þá átt. Nú er svo komið að árið 2022 fór á bilinu 50-75% af 4,1 milljarðs króna úthlutun úr Rannsóknasjóði til þess að styrkja doktorsnema við innlenda háskóla.⁹ Hlutur fræðimanna sem starfa sjálfstætt í úthlutunum Rannsóknasjóðs er mjög lítill, í raun nær enginn.

Á þessu sést að samkeppnisstaða sjálfstætt starfandi fræðafólks og fastráðinna háskólamanna sem sækja í Rannsóknasjóð og ýmsa aðra samkeppnissjóði sem *Rannís* hefur umsjón með og eru fjármagnaðir af íslenska ríkinu er afar ójöfn.

Katrín Jakobsdóttir þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra brást við skertu aðgengi sjálfstætt starfandi fræðimanna að opinberu fjármagni með því að setja á laggirnar Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna í ársbyrjun 2013. Sjóðurinn byggir á grunni *Launasjóðs fræðiritahöfunda* sem þar með var lagður niður.¹⁰ Markmið

⁸ Einnig má benda á að aðstöðumunur fræðafólks sem starfar á Íslandi er mikill í samanburði við kollega þeirra í Evrópu sem hafa ekki eingöngu aðgang að opinberum sjóðum, heldur einnig stórum sjóðum sem atvinnurekendur hafa komið á fót, t.d. *Carlsbergfondet* og *Volkswagen Stiftung*.

⁹ Nákvæmari upplýsingar er ekki hægt að fá hjá Rannís en talan sem hér er nefnd kom fram í máli Ágúst H. Ingbórssonar forstöðumanns Rannís á málþingi ReykjavíkurAkademíunnar 4. nóvember 2022 þar sem fjallað var um sjálfstæða rannsakendur, umhverfi þeirra og áskoranir. Þá leggjast 25% ofan á styrki úr Rannsóknasjóði sem renna til skólanna í formi umsýslutekna.

¹⁰ Launasjóðurinn á rætur að rekja til starfslaunasjóðs rithöfunda. Hann starfaði á árunum 2000-2012 samkvæmt reglum menntamálaráðherra um Launasjóð fræðiritahöfunda nr. 268/1999. Reglur sjóðsins má nálgast í gegnum vefsafn.is. Bein slóð:

sjóðanna og reglur eru keimlíkar. Í staðinn fyrir að auðvelda *fræðihöfundum* ritun *alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi* þá er hlutverk Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna *að launa starfsemi þeirra fræðimanna sem starfa sjálfstætt í sinni fræðigreini* til ritunar *fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi*¹¹ Um hvorugan sjóðinn hafa gilt sérlög, og því er Starfslaunasjóðurinn sem stendur háður fjárlögum hvers árs. Sú staðreynd er mögulega ein af skýringunum á veikri stöðu hans og er íhugunarefni og lengi hefur verið bent á að stækka þurfi sjóðinn verulega frá því sem nú er.

Það er réttlætismál að aðgengi fræðafólks sem starfar sjálfstætt að opinberum styrkjum til rannsókna og fræðamiðlunar verði til jafns við aðgengi fræðafólks sem starfar innan háskólanna.

Starfslaunasjóðurinn er helsti opinberi sjóðurinn sem sjálfstæðir rannsakendur hafa raunhæfa möguleika á að fá styrki úr til að sinna frjálsum verkefnum. Á sjóðnum byggir virkni fræðasamfélagsins utan háskólanna.

Staða Starfslaunasjóðs er afar veik, þróun hans er neikvæð og stingur í augun sé hún skoðuð í samhengi við þróun Rannsóknasjóðs. Eins og sést í töflu 1 þá hækkaði sá hluti Rannsóknasjóðs sem árlega er úthlutað til nýrra verkefna um tæpar 700 milljónir króna á

http://wayback.vefsafn.is/wayback/20091118225951/http://www.rannnis.is/files/Reglur%20um%20Launasj%20fraediritahof%20nr268_1999_1303686579.pdf

¹¹ Reglur nr. 25/2013 um Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna, 10. janúar 2013 og Reglur nr. 434/2013 um breytingu á reglum nr. 25/2013 um Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna. Sjá á vefsíðu Rannís: www.rannnis.is/sjodir/menntun/starfslaunasjodur-sjalfstaett-starfandi-fraedimanna/

tímabilinu 2015-2022 og stóð á árinu 2022 í rúmum 1400 milljónum króna. Á sama tíma hækkaði Starfslaunasjóður aðeins um 10 milljónir króna! Á árinu 2022 var einungis úthlutað 45 milljónum króna úr sjóðnum til 14 verkefna sem að meðaltali nutu styrkja í 6,64 mánuði. Í ofanálæg eru starfslaunin sjálf mjög lág eða 490.920 kr. á mánuði sem verktakagreiðsla og hafa frá árinu 2013 hækkað um 64% meðan launavísitalan hefur á sama tíma, hækkað um 84%.¹² Að auki þurfa þeir sem vinna að stærri verkum að senda árlega inn nýja umsókn og eru þá í samkeppni við ný verkefni.

| | Starfslaunasjóður | Breyting milli ára | Rannsóknasjóður (til nýrra verka) | Breyting milli ára | Úthlutunar hlutfall |
|----------------|-------------------|--------------------|-----------------------------------|--------------------|---------------------|
| 2015 | 34.500.000 | | 724.264 | | 30,8% |
| 2016 | 38.000.000 | 8,6 % | 1.014.790 | 40 % | 25,4% |
| 2017 | 44.000.000 | 15,8 % | 836.007 | -18,4 % | 21 % |
| 2018 | 46.000.000 | 4,5% | 898.933 | 7,5 % | 18,2 % |
| 2019 | 44.000.000 | -4,4% | 851.198 | -5,4 % | 15,7 % |
| 2020 | 48.000.000 | 9 % | 1.058.132 | 24,3 % | 19,2% |
| 2021 | 53.000.000 | 10,4 % | 1.333.783 | 12,6 % | 22,3% |
| 2022 | 45.000.000 | -15,1 % | 1.411.728 | 5,8 % | 23,7 % |
| SAMTALS | | 28,6 % | | 94,9 % | |

Tafla 1: Samanburður á stækkun Starfslaunasjóðs og Rannsóknasjóðs á árunum 2015-2022. Byggt er á úthlutaðu fjármagni úr sjóðunum tveimur. Upplýsingarnar eru sóttar á vefsíðu Rannís.

¹² Doktorsnemar geta átt von á því að fá 562.000 kr. mánuði árið 2023 úr Rannsóknasjóði.

STARFSLAUNASJÓÐUR SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐIMANNA
TÖLURNAR Á ÁRINU 2022*

Úthlutað 45 miljónum króna.

Starfslaun á mánuði voru kr. 490.920.

93 mannmánuðum var úthlutað.

14 fræðimenn fengu styrk.

Hver styrkur varir að meðaltali í 6,64 mánuði.

Hver styrkur var að meðaltali kr. 3.214.285 (verktakagreiðsla).

Árangurshlutfall 2022

23% umsókna fékk styrk.

19,7% af umbeðnu fjármagni var veitt.

20% af umbeðnum mannmánuðum var úthlutað.

60% framhaldsumsókna fengu brautargengi.

➔ *styrkir eru of fáir, of lágir og veittir í of stuttan tíma. Fjármögnun stærri verka er háð mikilli óvissu.*

*Nánari umfjöllun um þróun Starfslaunasjóð á árunum 2015-2022 er að finna í viðauka þessarar skýrslu.

Rannsóknasjóður sjálfstætt starfandi fræðafólks?

Bág staða Starfslaunasjóðs gerir það að verkum að sjóðurinn stendur ekki undir því hlutverki að styðja við rannsóknir og þekkingarmiðlun vaxandi hóps sjálfstæðra rannsakenda og fræðimanna sem starfa utan háskólanna. Í boði fyrir okkar færasta fólk eru lágar greiðslur í fáa mánuði og við lítið starfsöryggi. Þessu verður að breyta.

Því leggjum við til að heiti sjóðsins verði breytt í *Rannsóknasjóð sjálfstætt starfandi fræðafólks* og að hann starfi við hlið núverandi Rannsóknasjóðs og byggi á lögum sambærilegum við lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3 frá 2003 með áorðnum breytingum.

Þá leggjum við til að rannsóknasjóðurinn verði stækkaður úr 50 milljónum í 550 milljónir. Við útreikninginn er miðað við að fyrsta starfsár sjóðsins verði veittir 30 styrkir til 12 mánaða hið minnsta og að upphæð styrkjar á mánaðargrunni taki mið af lektorslaunum (leið B).¹³ Að auki fengju styrkþegar eins og kollegar þeirrar sem eru styrktir af núverandi Rannsóknasjóði, greiddan annan kostnað og ferðakostnað tengdum þeirra vinnu. Þá er gert ráð fyrir að bakhjarlar sjálfstæðra rannsakenda fái greitt fyrir umsýslu styrkjanna á sömu forsendum og tíðkast við núverandi Rannsóknasjóð.

Það er okkar trú að þessar einföldu aðgerðir og hlutfallslega litli tilkostnaður myndi margfalda hlutverk alls fræðasamfélagsins fyrir íslenskt samfélag.

Hið margslungna hlutverk sjóðsins er talið upp á næstu síðu og í töflu 2 á blaðsíðu 12 er upphæðin sundurliðuð og forsendum lýst nánar.

¹³ Hægt yrði að sækja um styrki í 24 og 36 mánuði. Ekki er tekin afstaða til þess hvernig verður brugðist við framhaldsstyrkjum en ákjósanlegt er að sjóðurinn stækki sem skuldbindingunum nemur fremur en að nýjum verkefnum fækki við úthlutun á öðru starfsári sjóðsins.

Margþætt hlutverk rannsóknasjóðs fræðafólks sem starfar sjálfstætt

- Ⓐ **Jafnar samkeppnisstöðu** fræðafólks hvað varðar aðgang að opinberu fjármagni óháð því hvort það gegnir stöðu við háskóla eða starfi sjálfstætt að rannsóknnum og fræðamiðlun.
- Ⓐ betri **nýting menntunar** á sviði hug- og félagsvísinda.
- Ⓐ **eykur samkeppnishæfni** einstaklinga á vinnumarkaði og auðveldar þeim að nýta menntun sína og hugvit.
- Ⓐ **styður ungt fræðafólk** í upphafi akademísku ferils þess og **tryggir nýliðun** akademísku starfsfólks háskólanna.
- Ⓐ gerir fræðafólki kleift **að velja viðfangsefni** byggt á áhuga og þekkingu
- Ⓐ **fangar upp þekkingu** sem ekki fær hljómgrunn innan núverandi sjóðakerfis.
- Ⓐ fjölgar rannsóknnum á breiðara sviði og **eykur þannig sveigjanleika og fjölbreytni** háskóla- og rannsóknasamfélagsins.
- Ⓐ **skapar brú** milli háskólanáms og atvinnulífs.
- Ⓐ **auðveldar** nýdöktorum frá erlendum háskólum að fóta sig í íslensku rannsóknnaumhverfi.
- Ⓐ bætir aðgengi samfélagsins að **nýrri þekkingu ritaðri á íslensku** sem efla og auðga íslenskt samfélag.
- Ⓐ styður þá sem lokið hafa háskóla-gráðu til þess **að miðla rannsóknnum sínum** til samfélagsins.
- Ⓐ **bætir aðgengi að rannsóknnum** nýdöktora frá erlendum háskólum.
- Ⓐ auðveldar frumkvöðlum að **nálgast nýjar hugmyndir** og hasla sér völl á atvinnumarkaði í krafti hugvits.
- Ⓐ **skilar samfélaginu þekkingu** sem styður við uppbyggingu nýsköpunarhugsunar og fyrirtækja á sviði fræða.
- Ⓐ styður við fræðafólk **sem í lok starfsævinnar** vill miðla þekkingu sinn til samfélagsins.
- Ⓐ auðveldar fræðafólki sem starfar sjálfstætt að koma á **samstarfi við erlenda háskóla** og þar með **aukna sókn** í evrópska sjóði.
- Ⓐ auðveldar menntuðu fólki **að starfa óháð staðsetningu** og styður þar með við **æskilega byggðapróun**.
- Ⓐ **bætir nýtingu fjármagns** með hlutfallslegrar lækkunar kostnaðar við utanumhald og veitingu styrkja.

| | Leið A* Launakostnaður dósentis (fræðimanns) Kr. 1.190.000 | Leið B* Launakostnaður lektors (sérfræðings) Kr. 1.057.000 | Leið C* Launakostnaður nýdktors Kr. 941.000 |
|----------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------|
| 30 styrkir úthlutaðir til 12 mánaða (fyrsta ár, 2023) | 428.000.000 | 380.000.000 | 339.000.000 |
| Ýmis kostnaður, 5% af launakostnaði | 22.000.000 | 19.000.000 | 17.000.000 |
| Ferðakostnaður, 10% af launakostnaði | 44.000.000 | 38.000.000 | 34.000.000 |
| Styrkur, fyrsta ár | 494.000.000 | 437.000.000 | 390.000.000 |
| Samrekstur, 25% | 112.000.000 | 109.000.000 | 98.000.000 |
| Heildarstyrkur, fyrsta ár | 604.000.000 | 546.000.000 | 488.000.000 |

Tafla 2: Grunnfjármögnun Rannsóknasjóðs sjálfstætt starfandi fræðafólks. Launakostnaður 2023 er áætlaður, ekki hefur verið tekið tillit til launahækkana, verðbólgu eða kostnaðar við úthlutun úr sjóðunum.

Nánar um forsendur á tillögu að stærð Rannsóknasjóðs sjálfstætt starfandi

1. Styrkir til greiðslu launa sjálfstætt starfandi fræðafólks þurfa að **taka mið af sambærilegum greiðslum** Rannsóknasjóðs til háskóla. Við útreikninginn er því miðað við áætlaðan launakostnað A) dósentis, B) lektors og C) nýdktors. Þetta er réttlætismál og í samhenginu má benda á að upphaflega voru starfslaun fræðarithöfunda miðuð við laun lektors.
2. Hér er miðað við að styrkir séu veittir í 12, 24 eða 36 mánuði. Þar er miðað við reglur Rannsóknasjóðs háskólanna. Með þessu er ekki tekin afstaða til þess hvort styrkir til færri mánaða verði veittir.
3. Við útreikningana er miðað við að 30 styrkjum verði úthlutað árið 2023 en flestum styrkjum var úthlutað úr Starfslaunasjóði ári 2019 eða 23 talsins. Þessi fjölgun styrkja er varlega áætluð enda má búast við að umsóknum í Rannsóknasjóð sjálfstætt starfandi fræðafólks fjölgi frá því sem nú er. Annars vegar vegna fjölgunar doktora, hins vegar vegna þess að rannsóknavinna utan háskólann verður raunhæfur kostur með tilkomu sjóðsins. Gera má ráð fyrir að úthlutunarhlutfallið verði í kringum 25% og þarf að taka mið af þeirri tölu þegar reynsla er komin á sjóðinn.
4. Sú nýbreytni yrði tekin upp að styrktur yrði kostnaður vegna rannsókna. Þessi kostnaður er í dag ósýnilegur enda alfarið greiddur af fræðafólkinu. Lagt er til að reglum Rannsóknasjóðs háskólanna verði fylgt en við okkar útreikninga er gert ráð fyrir að kostnaður nemi 5% af launakostnaði sjóðsins.

5. Mikilvægt er að sjálfstætt starfandi standi til boða ferðastyrkir enda stuðla þeir að jafnræði bæði á milli landshluta og auka möguleika á að rannsakendur beini athyglinni að landsbyggðinni. Lagt er til að reglum Rannsóknasjóðs verði fylgt en við okkar útreikninga er gert ráð fyrir að hlutur ferðastyrkja sé 10% af launakostnaði sjóðsins.
6. Lagt er til að ofan á styrkina leggist 25% sem renni til þeirra rannsóknastofnana sem starfa í þágu sjálfstætt starfandi fræðafólks og eru bakhjarlar þess og halda úti rannsóknþjónustu fyrir sjálfstæða rannsakendur. Hluti fjármagnsins mun einni nýtast til þess að styðja við rannsakendur á sambærilegan hátt og háskólarnir gera við sitt starfsfólk. Þar má nefna vinnurými, aðgang að funda- og fyrirlestrarýmum og fjarfundabúnaði, kaup á nauðsynlegum tölvuforritum, rannsóknþjónustu, kynningar á rannsóknum, aðgengi að gagnasöfnum utan landsaðgangs og annarri aðstöðu sem sjálfstætt starfandi fræðimenn hafa ekki öðruvísi en að greiða fyrir hana fullu verði. Það eykur enn á aðstöðumuninn sem að ofan er lýst milli þessara hópa og hlýtur að leiða til skoðunar á hvort hið opinbera þyrfti ekki að veita frekari stuðning til aðstöðu og umgjörðar fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn.

Verkin sem aldrei voru rituð

Starfslaunasjóður gerði ritun *Farsótt. Hundrað ár í Þingholtsstræti 25* eftir sagnfræðinginn Kristínu Svövu Tómasdóttur mögulega. Ritið er tilnefnt til íslensku bókmenntaverðlaunanna 2022 í flokki fræðibóka.

Önnur verk tilnefnd í sama flokki voru öll rituð af körlum á eftirlaunaaldri sem starfað hafa við opinberar stofnanir og þegið laun fyrir að viðá að sér þekkingu sem rit þeirra byggja á.

Ekki er varpað skugga á mikilvægi þessara rita þó spurt sé: Hversu mörg grundvallarrit um íslenska sögu, menningu og samfélag sem ekki hafa slíka bakhjarla verða aldrei skrifuð vegna skorts á fjármögnun fræðasamfélagsins utan háskóla?



Þróun Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna

Hér fyrir neðan fylgir samantekt á þróun Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna á árunum 2015 – 2022. Fyrst er þróun starfslauna frá stofnun sjóðsins skoðuð í samhengi við launaþróun. Þá er farið í saumana á úthlutunum úr Starfslaunasjóði á árunum 2015 – 2022 og árangurshlutfallið skoðað í samhengi við fjölda styrkja, úthlutuðu fjármagn og fjölda mannmánaða. Að lokum er farið yfir hversu takmarkaða möguleika framhaldsumsóknir eiga á að ná framgangi.

Starfslaunin 2013 – 2022

Í töflu 3 er birt yfirlit yfir þróun starfslauna frá stofnun sjóðsins árið 2013. Í upphafi námu þau 300.000 krónum á mánaðargrundvelli en voru árið 2022 tæplega 491.000. Hækkun starfslaunanna í krónum talin er því samtals tæp 64% meðan launavísitala Hagstofunnar

| | Upphæð fjárlögum | skv. | Úthlutuð upphæð | Upphæð styrkjar | mánaðarlegs |
|-------------|---------------------|------|-----------------|--------------------|-------------|
| 2013 | 36,3 | | 36,5 (?) | | 300.000 |
| 2014 | 37,0 | | ? | | 300.000 |
| 2015 | 38,4 | | 34,5 | | 330.000 |
| 2016 | 42,8 | | 38,0 | | 350.000 |
| 2017 | ? | | 44,0 | | 370.000 |
| 2018 | 45,7 | | 46,0 | | 377.000 |
| 2019 | 48,1 | | 44,0 | | 393.000 |
| 2020 | 49,4 | | 48,0 | | 405.000 |
| 2021 | 51,4 | | 53,0 | | 410.000 |
| 2022 | 51,8 | | 45,0 | | 490.920 |

Tafla 3: Stærð Starfslaunasjóðs á fjárlögum 2013-2022. Upphæðir á fjárlögum, fjármagn sem fór til fræðimannanna og upphæð starfslauna í mánuð (verktakagreiðsla).

hækkaði á sama tíma (frá apríl 2013 - apríl 2022) um 84%. Uppreiknuð laun ættu því að standa í rúmum 552 þúsundum króna á mánaðargrundvelli.¹⁴

Starfslaun eru verktakagreiðsla sem ætlað er að standa undir 67% af heildarvinnu þess sem þau þiggur. BHM hefur reiknað út að sé tekið tillit til 67% hlutfallsins og launatengdra gjalda þá megi draga þá ályktun að fullvinnandi fræðimaður hafi árið 2020 verið verðlagður á kr. 463 þúsund á mánaðargrundvelli fyrir skatt. Til samanburðar var á sama tíma fullvinnandi verkafólk á markaði með kr. 613 þúsund í laun og meðallaun háskólamenntaðra kr. 855 þúsund á mánuði eða 85% hærrí en starfslaun fræðafólksins.¹⁵


Upphæð starfslauna fræðimanna er því langt undir þeim viðmiðunarmörkum sem eðlilegt er að viðhafa gagnvart fræðafólki með langt háskólanám að baki. Þess má geta að starfslaun Launasjóðs fræðirithöfunda voru upphaflega (árið 2000) miðuð við laun lektors við Háskóla Íslands. Þá eru ekki tekin með önnur hlunnindi fastráðins fræðafólks eða árangurstengdar greiðslur.

Mikilvægt er að upphæð styrkja til sjálfstætt starfandi fræðafólks samræmist styrkjum til fræðafólks sem starfar við háskólanna

¹⁴ Uppreiknuð starfslaun sjálfstætt starfandi (2022) eru lægri en þær 562 þúsund krónur sem má áætla að doktorsnemar geti sótt í Rannsóknasjóð á árinu 2023.

¹⁵ Sjá: <https://www.bhm.is/greinar/meningargreinar-dragast-mikid-saman>. Athugið að hér er BHM að leggja út frá starfslaunum listamanna en um sömu upphæð er að ræða.

Árangurshlutfall: fjöldi umsókna



Línurit 1:
Starfslaunasjóð
ur sjálfstætt
starfandi
fræðimanna,
árangurshlutfall
umsókna. (Ágúst
H. Ingþórsson)

Eins og sjá má af töflu 4 og línuriti 1 má segja að árangurshlutfall umsókna í Starfslaunasjóð sé viðunandi ef horft er til fjölda umsókna í sjóðinn á árunum 2015-2022. Það fór lægst í 18% 2020 og hæst í 35% árið 2017. Engu að síður kemur fram í niðurstöðum stjórnar Starfslaunasjóðs við úthlutun árunum 2017 – 2019 þegar úthlutunarhlutfallið var 35%, 36% og 30% að „hafna þurfti mörgum styrkhæfum verkefnum og þeir umsækjendur sem hlutu styrk fengu flestir aðeins hluta af þeirri fjárhæð sem sótt var um.“¹⁶ Í sama streng taka stjórnir Starfslaunasjóðs árin 2020, 2021 og 2022. Þessu misræmi veldur lágt árangurshlutfall úr sjóðnum þegar skoðað er hversu mikið fjármagn fræðafólkið sækir um í sjóðinn og hversu marga mann mánuði beðið er um.

¹⁶ Rannís: <https://www.rannis.is/frettir/uthlutun-ur-starfslaunasjodi-sjalfstaett-starfandi-fraedimanna-1>;
Rannís: <https://www.rannis.is/frettir/uthlutun-ur-starfslaunasjodi-sjalfstaett-starfandi-fraedimanna-2>;
Rannís: <https://www.rannis.is/frettir/uthlutun-ur-starfslaunasjodi-sjalfstaett-starfandi-fraedimanna-1-2>

| | Úthlutuð upphæð | Fjöldi umsókna | Fjöldi styrkja | Úthlutunar hlutfall | Upphæðir sem sótt var um | Úthlutunar hlutfall upphæða |
|------|--------------------|-------------------|-------------------|------------------------|--------------------------------|-----------------------------------|
| 2015 | 34,5 | 87 | 22 | 25 % | 231,300 | 15% |
| 2016 | 38,0 | 58 | 21 | 24 % | 158,550 | 24% |
| 2017 | 44,0 | 54 | 19 | 35% | 153,180 | 29% |
| 2018 | 46,0 | 58 | 21 | 36 % | 189,960 | 25 % |
| 2019 | 44,0 | 76 | 23 | 30% | 259.380 | 17 % |
| 2020 | 48,0 | 82 | 15 | 18% | 248.000 | 19 % |
| 2021 | 53,0 | 68 | 19 | 28% | 199.000 | 26,6% |
| 2022 | 45,0 | 61 | 14 | 23% | 228.000 | 19,7 % |


Tafla 4: Árangurshlutfall, út frá fjölda úthlutaðra umsókna og fjármagni í hlutfalli við fjölda umsókna í sjóðinn og beiðni um fjármagn.

Árangurshlutfall: umbeðnar upphæðir

Sé árangurshlutfallið skoðað út frá þeim upphæðum sem umsækjendur í Starfslaunasjóð óska eftir þá kemur fram að öll árin að undanskildu einu var útteiling úr sjóðnum í upphæðum talin lág og speglast í lágu árangurshlutfalli umbeðinna upphæða (sjá töflu 4 og línurit 2). Hér má aftur minna á að á árunum 2017-2019 sá þáverandi stjórn Starfslaunasjóðs sérstaka ástæðu til að koma því á framfæri að „hafna þurfti mörgum styrkhæfum verkefnum og þeir umsækjendur sem hlutu styrk fengu flestir aðeins hluta af þeirri fjárhæð sem sótt var um.“¹⁷

¹⁷ Rannís: <https://www.rannis.is/frettir/uthlutun-ur-starfslaunasjodi-sjalfstaett-starfandi-fraedimanna-1>;
Rannís: <https://www.rannis.is/frettir/uthlutun-ur-starfslaunasjodi-sjalfstaett-starfandi-fraedimanna-2>;
Rannís: <https://www.rannis.is/frettir/uthlutun-ur-starfslaunasjodi-sjalfstaett-starfandi-fraedimanna-1-2>

Ekki er óvarlegt að draga þá ályktun að sjóður sem mætir á bilinu 15% til 29% af metinni fjárþörf rannsakendanna skorti fjármagn. Starfslaunasjóður sé vanfjármagnaður og mætir illa þörfum fræðafólksins.



Árangurshlutfall: fjöldi úthlutaðra mannmánaða

Þegar meta á fjárþörf Starfslaunasjóðs má einnig skoða árangurshlutfallið þegar kemur að því að mæta fjölda mánaða sem rannsakendur biðja um í umsóknum sínum. Það er skemmst frá því að segja að árangurshlutfall fjölda úthlutaðra mannmánaða er lágt. Eins og sést í töflu 4 er úthlutunarhlutfall umbeðinna mannmánaða á bilinu 14,8% til 26,5%. Að meðaltali er þöfinni mætt í hlutfallinu 21,6. Hér verður að geta þess að ef umsóknir

sjálfstætt starfandi fræðimanna væru teknar gildar í Rannsóknasjóði þá fengju öll verkefni úthlutað að minnsta kosti 1 ári til rannsókna og allt upp í 3 ár.

Í þessum tölum birtist því gríðarlegur aðstöðumunur rannsakenda eftir því í hvaða opinberu sjóði þeim er beint til þess að sækja um styrki til rannsókna.

| | Fjöldi veittra styrkja | FJÖLDI umbeðinna mánaða | Fjöldi úthlutaðra mánaða | Úthlutunarhlutfall mánaða |
|-------------|------------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------|
| 2015 | 22 | 687 | 102 | 14,8% |
| 2016 | 21 | 453 | 108 | 23,8% |
| 2017 | 19 | 414 | 111 | 26,8% |
| 2018 | 21 | 480 | 120 | 25% |
| 2019 | 23 | 660 | 111 | 16,8 % |
| 2020 | 15 | 612 | 117 | 19,1 % |
| 2021 | 19 | 486 | 129 | 26,5 % |
| 2022 | 14 | 465 | 93 | 20 % |

Tafla 5: Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna, árangurshlutfall mannmánaða

Á þessu er hnykk í töflu 6 þar sem fram kemur hversu margir styrkir úr Starfslaunasjóðnum eru veittir til 3ja, 6, 9 og 12 mánaða. Eingöngu við síðustu þrjár úthlutanir hafa verið veittir styrkir til 12 mánaða og á móti fækkar styrkjum sem veittir eru til styttri tíma. Þessi nýbreytni leiðir til fækkunar styrkhafa sem leiðir enn og aftur hugann að þörfinni á að stækka Starfslaunasjóð hressilega. Engum ferðastyrk hefur verið úthlutað úr sjóðnum síðastliðin 4 ár þrátt fyrir reglur sjóðsins. Leiða má líkur að því að sú ákvörðun er hafi verið tekin vegna viðvarandi fjárskorts fremur en að engar umsóknir um ferðastyrki hafi borist sjóðnum.

| ÁR | Úthlutuð Upphæð | Fjöldi 3 mán | Fjöldi 6 mán | Fjöldi 9 mán | Fjöldi 12 mán | Samtals fjöldi mánaða | Ferða-styrkir |
|------|-----------------|--------------|--------------|--------------|---------------|-----------------------|---------------|
| 2015 | 34,5 | 11 | 10 | 1 | 0 | 102 | 715.000 |
| 2016 | 38,0 | 8 | 11 | 2 | 0 | 108 | 150.000 |
| 2017 | 44,0 | 5 | 7 | 6 | 0 | 111 | 0 |
| 2018 | 46,0 | 6 | 11 | 4 | 0 | 120 | 380.000 |
| 2019 | 44,0 | 11 | 10 | 9 | 0 | 111 | 0 |
| 2020 | 48,0 | 3 | 4 | 4 | 4 | 117 | 0 |
| 2021 | 53,0 | 6 | 6 | 3 | 4 | 129 | 0 |
| 2022 | 45,0 | 3 | 4 | 2 | 3 | 93 | 0 |

Tafla 6: Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna, lengd styrkja í mánuðum talið

Styrkir til þriggja ára

5. grein reglna um Starfslaunasjóð bendir eindregið til þess að honum er ætlað að styrkja ritun stærrri verka: „Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku á ýmsum formi.“¹⁸ Þá er tekið fram í 7. grein sjóðsins að „Heimilt er að veita sama einstaklingi starfslaun vegna afmarkaðs verkefnis til lengri tíma en 12 mánaða en þó aldrei lengur en til 36 mánaða. Skal þá viðkomandi fræðimaður endurnýja umsókn árlega, enda veitir sjóðurinn ekki starfslaun lengur en 12 mánuði miðað við hverja umsókn.“¹⁹

¹⁸ Rannís: https://www.rannis.is/media/starflsjsstfraedimanna/B_nr_434_2013.pdf

¹⁹ Rannís: <https://www.rannis.is/media/starflsjsstfraedimanna/Reglur-um-Starfslaunasjod-sjalfstaett-starfandi-fraedimanna.pdf>

Stjórnir sjóðsins hafa túlkað þessar reglurnar á ólíka hátt og eins og fram kemur í töflu 6 þá er árangurshlutfall framhaldsstyrkja lágt og því ótryggt hvort stór verkefni fái áframhaldandi styrk á milli ára. Þetta er óháð því hvort framvinda verksins sé í samræmi við upphaflega umsókn í sjóðinn eða ekki. Óvissan er afar bagaleg fyrir rannsakendur og ójafnræðið er hrópandi borið saman við kollega í hópi fræðimanna sem hljóta styrki úr Rannsóknasjóði frá einu og upp í þrjú ár. Þeir þurfa ekki að sækja aftur um í Rannsóknasjóð í samkeppni við allar nýjar umsóknir heldur nægir þeim að skila skýrslu um framvindu rannsóknar. Spyrja má hve mörg stór og umfangsmikil verkefni hafi ekki orðið að veruleika vegna þessara skilyrða Starfslaunasjóðs?

| Ár | Fjöldi umsókna | Fjöldi merkt styrkt áður | Hlutall merkt styrkt áður | Fjöldi úthlutaðra styrkja | Úthlutunar hlutfall | Framhalds styrkur | Árangurs-hlutfall framhalds styrkja |
|------|----------------|--------------------------|---------------------------|---------------------------|---------------------|-------------------|-------------------------------------|
| 2019 | 76 | 9 | 12% | 23 | 30% | 2 | 22% |
| 2020 | 82 | 13 | 16% | 15 | 18% | 4 | 31% |
| 2021 | 68 | 10 | 15% | 19 | 28% | 6 | 60% |
| 2022 | 61 | 10 | 16% | 14 | 23% | 6 | 60% |

Tafla 6: Fjöldi framhalds- umsókna á árunum 2019-2022 og árangurshlutfall þeirra. (Ágúst H. Ingþórsson)



AKADEMIA.IS